

ÞJÓÐARATKVÆÐI

29. ÁGÚST 2026

Hvað viltu vita?



Kíktu á **kosning.is**

Frá landskjörstjórn

Landskjörstjórn á samkvæmt kosningalögum að standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði.


Í bæklingi þessum er leitast við að skýra á einfaldan og aðgengilegan hátt ýmis atriði sem varða þjóðaratkvæðagreiðsluna, svo sem hvað Evrópusambandið og aðildarviðræður séu, hver sé munurinn á Evrópusambandinu og EES (samningi um Evrópska efnahags-svæðið) og hvað hvor svarkostur í þjóðaratkvæðagreiðslunni muni hafa í för með sér.

Tekið skal fram að oft er umfjöllunarefnið flókið og því erfitt að gefa einföld og tæmandi svör en auk þess eru mörg atriði í tengslum við Evrópusambandið, EES-samninginn og aðildarviðræður umdeild. Þá hefur fólk mismunandi skoðanir á hvernig hagsmunum Íslands er best borgið í þessu samhengi. Þetta kynningarefni getur eðli málsins samkvæmt ekki leyst úr slíkum álitaeftum.

Landskjörstjórn fékk Lagastofnun Háskóla Íslands til að vinna kynningartextann í bæklinginn, en hún er sjálfstæð rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands.

Lagastofnun samdi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um skipulagningu á rýnihópum sem lásu drög að textanum yfir og komu með ábendingar.

Auglýsingastofan ENNEMM sá um hönnun og veitti ráðgjöf varðandi framsetningu, en við framsetningu upplýsinganna er lögð áhersla á að efnið sé aðgengilegt og skiljanlegt þeim sem ekki eru sérfræðingar í málefnum Evrópusambandsins eða öðrum atriðum sem máli skipta í þessu samhengi.



Þjóðaratkvæðagreiðsla laugardaginn 29. ágúst 2026

Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort hefja eigi á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) fer fram laugardaginn 29. ágúst 2026. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst 27. júlí.

Íslenskir ríkisborgarar sem eru með lögheimili á Íslandi og hafa náð 18 ára aldri á kjördag hafa rétt til að greiða atkvæði. Íslenskur ríkisborgari, sem hefur átt lögheimili á Íslandi, á kosningarétt í 16 ár frá því að hann flytur lögheimili af landinu. Eftir þann tíma þarf kjósandi að sækja um að vera settur aftur á kjörskrá til Þjóðskrár Íslands. Hafi umsókn hans verið samþykkt gildir hún í fjögur ár.

Kjósandi greiðir atkvæði á kjörstað í því sveitarfélagi þar sem hann er á kjörskrá. Á kosning.is getur kjósandi athugað hvort hann sé á kjörskrá og einnig hvar hann á að kjósa.

Kjörstaðir eru almennt opnir frá klukkan 9 að morgni til klukkan 22 að kvöldi kjördags. Kjörstaðir geta verið opnir skemur en upplýsingar um opnunartíma má finna á heimasíðum sveitarfélaga.

Allir kjósendur geta fengið aðstoð við að greiða atkvæði og þurfa ekki að gefa neinar ástæður fyrir því. Kjósandi getur komið með eigin aðstoðarmann eða fengið aðstoð frá starfsfólki á kjörstað.



Á kosning.is finnur þú:

- Nánari upplýsingar
- Skýringar á hugtökum
- Fræðslumyndbönd
- Táknmálstúlkað efni
- Auðlesid mál



Hvað gerist ef meirihluti kjósenda segir „já“?

Þá munu **aðildarviðræður við Evrópusambandið hefjast á ný.**

Það felur ekki í sér endanlega ákvörðun um inngöngu Íslands í Evrópusambandið, enda þyrfti að stíga ýmis fleiri skref til þess.

Niðurstaða aðildarviðræðna gæti orðið sú að íslensk stjórnvöld og fulltrúar ESB næðu ekki samkomulagi um aðildarsamning sem báðir aðilar væru sáttir við. Þá yrði viðræðum hætt eða þeim frestað.

Aðildarviðræðum gæti lokið með því að aðildarsamningur yrði tilbúinn til samþykktar. Áður en Ísland gæti orðið aðili að ESB þyrfti þó fleira að koma til.

Hvað þyrfti að gerast til þess að Ísland yrði aðili að ESB?

1. **Meirihluti kjósenda segir „já“** í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst 2026.
2. **Aðildarviðræður** fara fram.
3. Niðurstaða viðræðna er að **aðildarsamningur er tilbúinn** til samþykktar. Samningurinn er ekki orðinn bindandi.
4. **Þjóðaratkvæðagreiðsla** er haldin um hvort samþykkja eigi aðildarsamninginn og að Ísland verði aðildarríki að ESB.

5. **Stjórnarskránni er breytt** þannig að aðild Íslands að ESB sé heimil.
6. **Fullgilding aðildarsamnings.** Þá verður Ísland lagalega bundið af honum. Utanríkisráðherra (sem fer með málaflokkinn innan ríkisstjórnar Íslands) og Alþingi þurfa að samþykkja samninginn og forseti Íslands að undirrita hann.
7. Öll **aðildarríki ESB (nú 27 talsins) þurfa að samþykkja samninginn** auk aðalstofnana ESB.

Þetta er líklegasta röð atburða miðað við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar. En röðin gæti orðið önnur. Til dæmis gætu stjórnarskrár-breytingar átt sér stað ýmist fyrir eða eftir síðari þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Öll þessi skref eru lagalega nauðsynleg, nema þjóðaratkvæðagreiðslurnar tvær, þ.e. íslensk lög mæla ekki fyrir um skyldu til að halda þjóðaratkvæðagreiðslur í þessu samhengi.

Hvað gerist ef meirihluti kjósenda segir „nei“?

Þá munu **aðildarviðræður við Evrópu-sambandið ekki hefjast á ný.**

Ef aðildarviðræður fara ekki fram þá verður Ísland ekki aðildarríki að ESB.

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar á þennan veg kæmi ekki í veg fyrir að aðildarviðræður færu fram einhvern tímann síðar. Ráðherrar og Alþingi hafa vald til þess að taka ákvörðun um það.

Stjórnarskráin og ESB

Aðild að Evrópusambandinu felur í sér að stofnanir ESB (sem aðildarríkin eiga aðkomu að) hafa vald til þess að setja ýmsar reglur, framfylgja þeim og dæma eftir þeim. Því er litið svo á að aðildarríkin hafi falið ESB meðferð ríkisvalds. Þetta er oft kallað **framsal ríkisvalds**. Í stjórnarskrám aðildarríkja Evrópusambandsins er að jafnaði að finna sérstök ákvæði sem heimila slíkt valdframsal.

Ísland þyrfti líka að gera breytingu á sinni stjórnarskrá til þess að ríkið gæti orðið aðili að Evrópusambandinu. Aðildarsamningur getur ekki tekið gildi fyrr en breytingin hefur átt sér stað og búið er að uppfylla þau skilyrði sem slíkt ákvæði kynni að setja.

Hvort sem niðurstaðan verður „já“ eða „nei“ mun EES-samningurinn halda áfram að gilda um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, ásamt ýmsum öðrum samningum sem Ísland hefur gert, þar til Ísland yrði aðildarríki ESB.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið ákvörðun um það hvernig stjórnarskrárákvæði þau myndu leggja til í tilefni af hugsanlegri inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Því er ekki ljóst hvort einhver frekari málsmeðferð yrði nauðsynleg samkvæmt stjórnarskrá áður en Ísland gæti gengið í Evrópusambandið.

Vegna þess að stjórnarskrárbreytingar kalla á alþingiskosningar er ljóst að **Ísland getur ekki orðið aðili að ESB á yfirstandandi kjörtímabili**. Þar með gæti það komið í hlut þeirrar ríkisstjórnar sem yrði við völd að loknum alþingiskosningum að ljúka aðildarferlinu.

Aðildarviðræður

Markmiðið með aðildarviðræðum milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa ESB væri að ná samningi um inngöngu Íslands í ESB (aðildarsamningi).

Í aðildarviðræðum yrði íslensk löggjöf borin saman við reglur ESB og greint hvernig Ísland myndi tryggja að regluverk ESB gildi hér á landi frá þeim degi sem Ísland yrði formlega aðildarríki.

Aðildarviðræður myndu einnig snúast um hvaða **sérreglur** kynnu að eiga við um Ísland, t.d. sérlausnir af einhverju tagi, undanþágur frá reglum ESB um tiltekin atriði, frestir til innleiðingar ákveðinna reglna o.s.frv. Slíkar sérreglur yrðu þá skráðar í aðildarsamninginn.

Það er lagalega mögulegt að semja um slíkar sérreglur. Pólitísk stefna ESB hefur almennt verið sú að ný aðildarríki fái ekki að velja og hafna úr regluverki sambandsins. Ýmis dæmi eru þó um sérreglur í aðildarsamningum núverandi aðildarríkja ESB.

Það er **sjálfstæð spurning hvort það yrði pólitískt mögulegt** að ná samkomulagi um þær sérreglur sem íslensk stjórnvöld stefna að. Ekki er hægt að segja til um það fyrir fram með vissu.

Formleg samningsafstaða Íslands verður mótuð ef aðildarviðræður hefjast að nýju. Áhersluatriði varðandi markmið Íslands liggja þó fyrir í umfjöllun Alþingis. Meðal þeirra atriða má nefna

- að aðlaganir sem Ísland hefur notið innan EES-samstarfsins verði áfram tryggðar;
- að fyrirkomulag eignarhalds eða beinnar nýtingar náttúruauðlinda verði ekki í höndum ESB;
- að ákvörðun um lagningu sæstrengs fyrir raforku yrði ávallt tekin af íslenskum valdhöfum;
- forræði Íslands yfir sjávarauðlindinni innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, svo og hagsmunir Íslands varðandi nýtingu deilistofna og ennfremur að nýting auðlindarinnar og afrakstur hennar haldist áfram hér á landi;
- að tryggt verði að stuðningur við landbúnað verði nægjanlegur til að vega upp erfiðar framleiðsluaðstæður og til þess að mæta breytingum sem myndu leiða af niðurfellingu tolla á innfluttar landbúnaðarvörur;
- að tekið sé tillit til sérstöðu Íslands á sviði loftslags- og orkumála, náttúruverndar og byggðapróunar;
- forræði Íslands yfir mótun vinnumarkaðs-umhverfis;
- að sérstaða Íslands sem herlausrar og vopnlausrar þjóðar sé virt. Skylda til stofnunar hers eða herskyldu sé útilokuð.

Ef Ísland yrði aðildarríki að ESB á grundvelli aðildarsamnings þyrfti Ísland að innleiða, fylgja og beita reglum ESB, eins og þær **munu breytast í framtíðinni**, nema hugsanlegar sérlausnir í aðildarsamningnum eigi við.

Veigamiklir hlutar þeirra málefnasviða sem fjallað er um í aðildarviðræðum tengjast reglum sem Ísland hefur þegar tekið upp í íslensk lög eða er skuldbundið til að taka upp vegna **EES-samningsins** eða annarra alþjóðasamninga. Þetta myndi hafa áhrif á gang viðræðnanna. Önnur málefnasvið sem reglur ESB fjalla um, þar á meðal sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, tollamál og gjaldmiðlamál, falla ekki undir EES-samninginn.

Stjórnvöld hafa áætlað að aðildarviðræður gætu hafist fyrir lok ársins 2026 og hægt væri að ljúka þeim á **18 til 24 mánuðum**. Kostnaðaráætlun stjórnvalda vegna aðildarviðræðnanna hljóðar upp á **1.895 milljónir króna**. Þessar áætlanir varðandi tíma og kostnað eru óhjákvæmilega háðar óvissu.

Til að ljúka aðildarviðræðum með samningi þyrfti Ísland að uppfylla þau viðmið sem Evrópusambandið setur í aðildarviðræðunum og ná samkomulagi um sérlausnir. Ekkert lagasetningarvald, framkvæmdarvald eða dómsvald færist til Evrópusambandsins meðan á aðildarviðræðum stendur.

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla

Samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021 er niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar **ráðgefandi**.

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla þjónar þeim tilgangi að fá fram afstöðu kjósenda til þess málefnis sem greidd eru atkvæði um. Hvorki Alþingi né stjórnvöld eru hins vegar lagalega bundin af niðurstöðunni. Þannig yrði t.d. ekki hægt að gera þá kröfu fyrir dómstólum að stjórnvöld fylgi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Ríkisstjórnin hefur þó boðað að ætlunin sé að fylgja niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Í þessum bæklingi er gengið út frá því að niðurstöðunni verði fylgt.

Hvað er ESB?

Evrópusambandið eða ESB er stjórnmála- og efnahagsbandalag. Í gegnum stofnanir ESB eru settar reglur sem öll ríkin þurfa að fylgja. Aðildarríki ESB eru nú tuttugu og sjö:

Austurríki, Belgía, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Litáen, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Ungverjaland, Tékkland og Þýskaland.

Sambandið hefur stækkað og þróast mikið. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar um 1950 byrjuðu sex Evrópuríki að vinna meira saman að efnahagsmálum og viðskiptum. Samstarfið varð smám saman nánara og náði yfir fleiri svið. Með árunum hefur aðildarríkjum ESB farið fjölgandi. Upphaflega fylgdi Grænland Danmörku inn í samstarfið en gekk úr því árið 1985. Þá gekk Bretland úr ESB árið 2020 eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi árið 2016.

Helstu stofnanir ESB

Leiðtogaráðið er skipað æðstu leiðtogum (ýmist forsætisráðherrum eða forsetum) aðildarríkjanna og þar er pólitísk stefna sambandsins mótuð.


Ráðherraráðið, stundum kallað Ráðið. Þar sitja ráðherrar frá aðildarríkjunum sem fara með þau mál sem eru til umfjöllunar á hverjum fundi fyrir sig. Ráðherraráðið fer með lagasetningarvald og fjárveitingarvald ásamt Evrópuþinginu.

Evrópuþingið telur nú 720 þingmenn og fjöldinn frá hverju aðildarríki fer almennt eftir íbúafjölda. Þeir eru aldrei færri en sex og flestir, eða 96 þingmenn, eru nú frá Þýskalandi, fjölmennasta aðildarríkinu. Búast mætti við að Íslendingar gætu kosið sex Evrópuþingmenn ef landið gerðist aðili að ESB. Evrópuþingmenn eru kosnir til fimm ára í senn í almennum kosningum í hverju ríki fyrir sig (svipað og í alþingiskosningum). Þeir starfa innan stjórnmálahópa, sem eru nú átta talsins, og umgjörð starfa þeirra ræðst þannig almennt af stjórnmálaskoðunum frekar en þjóðerni.

Framkvæmdastjórn ESB á almennt frumkvæði að nýrri löggjöf og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd reglna sambandsins í aðildarríkjunum. Þar sitja nú 27 einstaklingar, þ.e. einn frá hverju ríki. Þeir eiga að vera óháðir aðildarríkjunum í störfum sínum og lúta því ekki boðvaldi ríkisstjórna eða annarra.

Dómstóll ESB á lokaorðið um túlkun reglna Evrópusambandsins.

Seðlabanki Evrópu hefur það meginmarkmið að viðhalda stöðugu verðlagi.



Lagakerfi ESB

ESB-reglur geta haft **bein réttaráhrif**, þ.e. skapað réttindi og skyldur beint fyrir einstaklinga og fyrirtæki í aðildarríkjunum án þess að innlendar stofnanir, svo sem þing eða ráðuneyti, þurfi að setja reglurnar. Ennfremur hafa reglur ESB-réttar almennt **forgangsáhrif**, þ.e. ef þær rekast á landslög aðildarríkjanna þá eiga ESB-reglur að hafa forgang.

Efnahagsleg samvinna

Grundvallaratriði í ESB er sameiginlegur **innri markaður** þar sem samræmdar reglur gilda. Markaðurinn byggist á hinu svokallaða **fjórfrælsi**: frjálsu flæði á vörum, fólki, þjónustu og fjármagni yfir landamæri. ESB er líka **tollabandalag** sem þýðir að það eru engir tollar á milli aðildarríkja ESB en það geta verið sameiginlegir tollar á innflutning frá löndum utan ESB. Svo er það **evran**, sameiginlegur gjaldmiðill flestra ESB-ríkja. Almenna reglan er að ný aðildarríki skuli taka upp evruna. Fyrst þurfa þau þó að uppfylla ákveðin efnahagsleg skilyrði (varðandi verðbólga, vaxtastig, opinber fjármál og gengisstöðugleika). Nokkur aðildarríki uppfylla ekki ennþá þessi efnahagslegu skilyrði eða nota annan gjaldmiðil af öðrum ástæðum.

Víðtækt samstarf

ESB hefur samræmda stefnu í vissum málaflokkum fyrir utan innri markaðinn. Til dæmis er ESB með sameiginlega stefnu í landbúnaði og sjávarútvegi. Með árunum hefur þeim sviðum fjölgað sem ESB fjallar um. Sem dæmi má nefna umhverfis- og loftslagsmál, neytendavernd, reglur um umsækjendur um alþjóðlega vernd (hælisleitendur) auk samstarfs í utanríkis- og varnarmálum og á sviði sakamála. Önnur svið heyrir að meginstefnu undir aðildarríkin, til að mynda menntamál, heilbrigðismál, tekjuskattar o.fl. Hér skiptir líka máli svokölluð „nálægðarregla“ sem felur m.a. í sér að sameiginleg reglusetning ESB kemur aðeins til ef markmiðinu verður ekki náð með reglusetningu innan aðildarríkjanna sjálfra.

Valdið skiptist milli Evrópusambandsins og aðildarríkjanna

Á vissum sviðum fela aðildarríkin Evrópusambandinu vald til þess að setja reglur og taka ákvarðanir sem binda bæði einstaklinga og fyrirtæki í aðildarríkjunum og aðildarríkin sjálf. Fræðilega hugtakið yfir þetta er **yfirþjóðlegt vald**.

Völdin skiptast milli ESB og aðildarríkjanna. Þessi skipting er mismunandi eftir málefnum. Á sumum sviðum fer ESB eitt með völdin (óskiptar valdheimildir). Sem dæmi um það má nefna tollamál. Í öðrum málaflokkum skiptast völdin milli ESB og aðildarríkjanna á ákveðinn hátt (deildar valdheimildir).

Misjafnt er hversu mikil samstaða þarf að vera meðal aðildarríkjanna til þess að reglur taki gildi. Oftast er nóg að aukinn meirihluti aðildarríkja samþykki nýjar reglur, en samt gilda reglurnar fyrir öll ríkin, líka þau ríki sem greiddu atkvæði gegn reglunum. Reglurnar um vægi atkvæða eru breytilegar eftir því

hvaða mál er til meðferðar. Benda má á að í Ráðherraráðinu er meginreglan um ákvarðanatöku sú að samþykki þarf frá 55% aðildarríkjanna (nú eru það 15 af 27 ríkjum) og þessi ríki þurfa að telja samtals 65% af íbúafjölda ESB. Í framkvæmd er hins vegar algengast að komist sé að einróma niðurstöðu.

Á sumum sviðum þarf þó samþykki allra. Breytingar á **grunnsáttmálum ESB**, sem innihalda reglur um stjórnskipulag ESB, þurfa til dæmis samþykki allra aðildarríkjanna. Einnig þurfa öll aðildarríkin að samþykkja aðildarsamning við ný aðildarríki. Þá er samþykki allra krafist varðandi utanríkis- og varnarmál og á nokkrum fleiri málefnasviðum.

Rétt eins og Evrópusambandið hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina er viðbúið að sambandið og þær reglur sem það setur haldi áfram að breytast í framtíðinni.

Hver er munurinn á EES og ESB?

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) síðan 1994. Með samningnum er innri markaður Evrópusambandsins útvíkkaður yfir til Íslands, Noregs og Liechtenstein. Í þessu felst að ríkin fá aðgang að innri markaðnum og skuldbinda sig til þess að taka upp þær reglur sem gilda á honum.

Meginmuninum á aðild að EES-samningnum og aðild að ESB má, með nokkurri einföldun, lýsa með eftirfarandi töflu:

	EES-samningurinn	Evrópusambandið (ESB)
Reglur um hvað?	Reglur innri markaðarins. Ísland tekur einnig þátt í Schengen-samstarfinu um landamæraeftirlit og ýmsum öðrum ESB-verkefnum utan EES. Samtals eru þetta veigamiklir hlutar regluverks ESB.	Víðtækara samstarf en EES-samningurinn. Helstu viðbætur: • tollar, • gjaldmiðill (evran), • utanríkis- og varnarstefna (kemur þó ekki í stað varnarstefnu aðildarríkjanna sjálfra), • landbúnaður, • sjávarútvegur, • og fleira.
Hvernig öðlast reglur gildi innanlands?	Alþingi eða íslensk stjórnvöld binda reglur sem eiga uppruna í ESB í lög eða reglugerðir. Þetta er skylda samkvæmt EES-samningnum.	Reglur ESB geta tekið gildi og haft áhrif beint í aðildarríkjunum án aðkomu innlendra stofnana, þótt það gildi ekki í öllum tilvikum. Reglur ESB ganga almennt framar reglum aðildarríkjanna (hafa forgangsáhrif).

	EES-samningurinn	Evrópusambandið (ESB)
Hvernig er reglum framfylgt?	Íslensk stjórnvöld framfylgja reglunum en í ákveðnum tilvikum fara Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn með valdheimildir.	Innlend stjórnvöld aðildarríkja framfylgja mörgum reglum en stofnanir ESB, einkum Framkvæmdastjórnin og Dómstóll ESB, hafa mikilvægt hlutverk við framkvæmd reglna, eftirlit og úrlausn deilumála.
Framsal valds?	Ísland framselur ekki vald á sama hátt og aðildarríki ESB gera. Ísland er engu að síður skuldbundið til að innleiða þær reglur ESB sem falla undir EES-samninginn í íslensk lög.	Aðildarríki fela stofnunum ESB vald í ákveðnum málaflokkum. Á sumum sviðum fer ESB eitt með völdin. Í öðrum málaflokkum skiptast völdin milli ESB og aðildarríkjanna á ákveðinn hátt.
Þátttaka í gerð reglna	Ísland á ekki fulltrúa með atkvæðisrétt í stofnunum ESB sem setja reglurnar. Ísland getur þó komið sjónarmiðum sínum á framfæri á undirbúningsstigi.	Aðildarríki eiga fulltrúa í stofnunum ESB. Á sumum málefnasviðum þurfa öll ríki að vera sammála um reglu-setningu en meginreglan er að aukinn meirihluti dugar.
Helstu stofnanir	Eftirlitsstofnun EFTA, sameiginlega EES-nefndin og EFTA-dómstóllinn.	Leiðtogaráðið, Ráðherraráðið, Evrópuþingið, Framkvæmdastjórnin, Dómstóll ESB og Seðlabanki Evrópu.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst 2026 svara kjósendur einni spurningu með því að merkja X við já eða nei:

„Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“

Í stuttu máli

Hvað gerist ef meirihluti svarar „já“?

- Ísland hefur aðildarviðræður við Evrópusambandið á ný.
- Það felur ekki í sér endanlega ákvörðun um inngöngu Íslands í Evrópusambandið.
- Markmið aðildarviðræðna er að gera aðildarsamning. Það er samningur við aðildarríki Evrópusambandsins um að Ísland gerist aðili að sambandinu.
- Ef viðræðurnar skila aðildarsamningi hefur ríkisstjórnin boðað að haldin verði önnur þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort samþykkja eigi þann samning.
- Alþingi og utanríkisráðherra þyrftu að samþykkja samninginn.
- Einnig þyrfti að breyta stjórnarskránni áður en Ísland gæti orðið aðili að Evrópu-sambandinu. Allar stjórnarskrárbreytingar þarf að samþykkja af tveimur þingum með alþingiskosningum á milli.

Hvað gerist ef meirihluti svarar „nei“?

- Þá hefjast ekki aðildarviðræður við Evrópusambandið.
- Ísland verður ekki aðildarríki Evrópusambandsins.
- Það er þó ekki útilokað að Ísland hefji aðildarviðræður í framtíðinni.

Þessum spurningum er svarað á kosning.is

- Um hvað erum við að kjósa?
 - Hvað gerist ef meirihluti kjósenda segir „já“?
 - Hvað gerist ef meirihluti kjósenda segir „nei“?
 - Hvað þarf að gerast til að Ísland gangi í ESB?
 - Hvaða svarkostir eru í boði?
 - Er niðurstaðan bindandi?
 - Hvað stendur á kjörseðlinum?
 - Af hverju er talað um að „hefja á ný“ aðildarviðræður?
-
- Hvað eru aðildarviðræður?
 - Gæti Ísland fengið undanþágur frá einhverjum reglum Evrópusambandsins?
 - Hvernig færu aðildarviðræður fram?
 - Hversu stóran hluta af reglum Evrópusambandsins er Íslandi nú þegar skylt að innleiða vegna EES-samningsins?
 - Hvað er aðildarsamningur?
 - Um hvaða málefni snúast viðræður?
 - Er hægt að hætta við aðildarviðræður eftir að þær hefjast?

- Hvað kosta aðildarviðræður?
- Verður haldin önnur þjóðaratkvæðagreiðsla?
- Þarf ég að taka afstöðu til þess hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið?
- Hvernig verður aðildarsamningur bindandi fyrir Ísland?
- Hvað þarf Ísland að gera á meðan aðildarviðræður eiga sér stað?
- Hvað taka aðildarviðræður langan tíma?
- Hver eru markmið Íslands í aðildarviðræðum?

-
- Hvað er ESB?
 - Hvaða lönd eru í ESB?
 - Hvernig er ESB ólíkt öðru alþjóðasamstarfi?
 - Hver er munurinn á ESB og EES?
 - Hvað er EES?
 - Er hægt að ganga úr ESB?

-
- Þyrfti að breyta stjórnarskránni áður en Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu?

Kíktu á kosning.is





- Aðildarsamningur
- Bein réttaráhrif
- Dómstóll ESB
- EES / Evrópska efnahagssvæðið

Hvað þýða þessi hugtök og fleiri?

Kíktu á kosning.is og fáðu svarið.



Útgefandi: Landskjörstjórn
Ritstjórn: Lagastofnun Háskóla Íslands – Kári Hólmar Ragnarsson og Hafsteinn Þór Hauksson
Umbrot og hönnun: ENNEMM
Prentun: Prentmet Oddi

 **Landskjörstjórn**